

Strandmenning

Samantekt

Guðrún Helgadóttir

Háskólanum á Hólum

Sigurbjörg

- Strandmenning – forréttindi þeirra sem eiga strönd og haf
- Lífsbaráttan hefur ef til vill deyft hug okkar gagnvart þeirri afþreyingu sem hafið býður
- Þegar við erum að glata því sem við höfum; þegar bátarnir eru brunnir, vitaverðirnir farnir blásum við til ráðstefnu til að bjarga því sem bjargað verður
- Við eigum að treysta samband manns við öldu, vind himinn og haf – útnárinn býr yfir ótal möguleikum

Össur Skarphéðinsson ráðherra

- Íslendingar búa flestir innan við 5 km frá sjó, sem er mikil sérstaða í heiminum
- Hafið er farvegur menningar okkar, viðskipta og atvinnuvega, sem er mikilvægari í sögu og ímynd Íslendinga en við gerum okkur grein fyrir
- Með öllum Íslendingum blundar áhugi á strandlengjunni – sem frumkvöðlar um allt land eru að mæta
- Ferðamál færast til ráðuneytis iðnaðar og byggðamála og vonandi verður innan tíðar hægt að vinda upp segl og sigla hraðbyri
- Milljónin mætir á svæðið fyrr en við eigum von á, við verðum að vera tilbúin
 - Bjóðum fjörulalla velkomna að ganga með sjó og sitja við eld á Íslandi

Fornminjar við strendur landsins – staða og tækifæri

Agnes Stefánsdóttir Fornleifavernd ríkisins

- Skipulag minjaverndar; þrjár stofnanir Fornleifavernd ríkisins, Húsafriðunarnefnd og Þjóðminjasafn
- Fornleifar eru allt það sem mannaverk er á og fyllt hefur 100 ár – einnig má friðlýsa yngri minjar, þær eru þjóðminjar
- Friðuð hús allar byggingar eldri en frá 1850
- Forngrípir lausir munir eldri en frá 1850
 - Sá á ekki fund er finnur, tilkynna ber fundinn og hann er þjóðareign
- Einungis 30 af 530 jörðum með friðlýstum minjum eru minjar um sjósókn og útgerð
- Fornleifaskráning er nauðsynlegur þáttur skipulags og minjaverndar, 1/3 áætlaðra minja á Íslandi er skráður
 - Hér þarf að leggja meiri áherslu á skráningu vegna rannsókna og minjaverndar, ekki eingöngu vegna skipulags og framkvæmda
- Strandminjar; fornleifarannsóknir 2002-2006
 - Bjarnareyjar á Breiðafirði, Gásir í Eyjafirði, Kolkuósi í Skagafirði, Sauratún í Kaldrananeshreppi, Skálavík í Bolungarvík, Leirvogur í Mosfellsbæ, Bygggarðsvör á Seltjarnarnesi, Strákatangi í Hveravík, Skálavík í landi Minni-Bakka, TR reitur í Reykjavík, Strandstaður Jamestown á Reykjanesi
 - Strandminjar eru því einungis 4% rannsókna á þessu tímabili
- Hvað ber að gera?
 - Nú er öld eftirlíkinganna; við höfum ekki efni ál að varðveita minjarnar en höfum efni á að gera eftirlíkingar af þeim?

Vítar sem hluti íslenskrar strandmenningar

Magnús Skúlason Húsafríðunarnefnd ríkisins

- Saga vitanna; hinn frægi viti Faro við Alexandríu, rómverskir vitar s.s. Dover vitinn, Torre de Hercules vitinn sem er elsti viti í notkun (Galicia)
- Saga vita á Íslandi er stutt, frá því um aldamót 1900 en Reykjanesviti er frá 1878
 - Skortur á vitum var ein ástæða þess hve erfitt var að sigla til landsins á veturnum
- 8 vitar eru fríðaðir vegna gerðar og staðsetningar;
 - Reykjanesviti, Stórhöfðaviti, Hríseyjarviti, Arnarnesviti, Dyrhólaeyjarviti, Malarrifsviti, Bjargtangaviti, Dalatangaviti.
 - Vítar sem merkilegar minjar um byggingalist
- Það er mikil menning um vitamálin erlendis t.d. Útleiga á vitum sem gististöðum, vitar sem útsýnisstaðir, byggingalist og falleg kennileiti í landslagi
 - Varðveislugildið felst í byggingalistinni og hversu mikinn svip þeir setja á landslagið
 - Vítar á Íslandi bók sem allir þurfa að eignast
- Það vilja allir heimsækja vita

Strandmenningarbærinn Húsavík

Hörður Sigurbjarnarson frkv.stj. Norðursiglingar

- Atvinnubylting stendur yfir, hin fyrsta í 200 ár:
 - Skapandi atvinnugreinar eru framtíðin
- Skapandi atvinnugreinar byggja á menningu sem aftur byggir á listum
- Hvers vegna strandmenning – orðið er nýtt í íslensku máli og menning sjávarplássá var sett skör lægra en sveitanna
- Sjávarútvegurinn í “sálarlausum sjávarþorpum” (Jónas Jónasson frá Hríflu) vítt og breitt um landið lagði grunn að efnahag landsins
- Húsavík sem dæmi um sjávarpláss, sem státar af strandmenningu í dag
 - Höfnin sem var orðin hrörnandi athafnasvæði frumframleiðslu verður
 - lifandi vettvangur ferðaþjónustu sem byggir á strandmenningu
 - útivistarsvæði; siglingaklúbbur fyrir unglínga
 - vettvangur hátíðahalda
- Húsum er bjargað frá niðurrífi, þeim er fengið nýtt hlutverk og nýtt líf
- Verndun báta með nýtingu; eikarbátarnir eru menningarverðmæti
 - Opinber stefna er að farga bátum við úreldingu – að eyða menningarverðmætum
- Mannauður myndast við þessi verkefni; varðveislu minja og þekkingar, fræðslu og þjónustu
- Sækjast sér um líkir – uppbyggingin laðar að áhugafólk og fagfólk
- Hvað ef – tveir kostir í stöðunni:
 - Hnignun hefðbundinna atvinnugreina leggi staðinn í eyði
 - Nýsköpun á grunni þeirra, 4. viddin í efnahagslífinu verði til þess að halda lífi í honum

Auður og atvinna við haf og strönd

Pallborðsumræður

- Hvernig verður þróunin á næstu árum?
 - Vakning í þjóðfélaginu, áhugi og hugmyndaauðgi knúin af breytingu í atvinnuháttum. Menn verða að vanda sig í uppbyggingunni og það verður að taka á móti þeim með reisn. Við erum ekki tilbúin, þurfum að efla grunngerðina. H.S.
 - Brynasta verkefnið er skráning minja. A.S.
 - Árangur í ferðamennsku tengdri sjónum en ákveðnar áhyggjur af eyðingu menningarlandslags og lífríkis með uppfyllingum á strandlengjunni sem er mikil uppspretta lífsgæða. Miklar vonir bundnir við þennan áhuga. M.S.
 - Sjávarminjar skemmast hraðar en aðrar, verstöðvar eru fáar á landinu þar sem þær byggðust síðar sem sjávarþorp og í þróun þeirra hefur ekki nægilega verið hugað að varðveislu minja. R.E.
 - Strandmenning er nýtt hugtak, opinberir aðilar þurfa að koma að þessu og í ferðamálaáætlun eru menning og fagmennska tvær af þrem meginstoðum stefnu í ferðamálum. Hlutverk áhugasamra einstaklinga er mikið og við megum ekki drepa þeirra frumkvæði niður. E.G.
- Flatey, hið merka menningarlandslag – verður óskum um friðun svarað? Hvernig getur sveitarfélag haldið um þjóðminjar?
 - Það verður að virða lög og framkvæmdir eru leyfis skyldar, þannig verða sveitarfélög að standa að málum.
 - Eftir nýlega gerða húsakönnun er komin upp hugmynd um að friða alla heildina, nota hverfisvernd fremur en friðun einstakra húsa. En hverfisvernd er ekki jafn bindandi og friðun einstakra húsa. Hverfisvernd þarf svo að útvíkka til nánasta umhverfis húsa, ströndina meðtalda. Ný lög þyrftu að taka á þessu.
- Hvernig verður framtíð Húsavíkur? Tveir kostir; áframhald þessarar uppbyggingar eða álver?
 - Þessi spurning brennur á öllum sem fylgjast með átökum hins gamla þjóðfélags og nýja, en án iðnaðar getum við vart verið.
 - Með sameiningu sveitarfélaga og Markaðsstofu á svæðinu hefur opnast mikilvægt tækifæri til samstarfs við þjóðgarðinn.
 - Hrefnuveiðar eru ógnun við hvalaskoðun, hinsvegar er óljósara hver áhrif álvers verða. Áhugi fyrir nýtingu orku er mikill og sumu fáum við í ferðabjónustunni ekki ráðið. Við munum halda okkar striki.
- Það þarf rannsóknar og skráningar við til að vernda þann fjölda minja sem liggur við ströndina; naust við nærri hvern bæ sem eru ekki skráð og eru að glatast. Er ekki von til að skipulega verði unnið að þessu verkefni?
 - Fornleifavernd ríkisins hefur sótt ítrekað um þetta verkefni en sem ríkisstofnun á hún ógreiðan aðgang að fjármagni miðað við t.d. Einkaaðila
 - Vandinn varðandi skráningu fornminja er að margir eru að verki og sameiginlegur aðgangur er ekki tryggður, þessi gögn ættu að ganga til Fornleifaverndar.
 - Við ættum ekki að horfa á þetta sem vandamál heldur á þau tækifæri og verkefni sem biða okkar með jákvæðu hugarfari

Staða og stefna strandmenningar í Noregi

Geir Tvedt Directorate for cultural heritage in Norway

- Threats to coastal culture
 - Depopulation leads to disuse and degradation
 - Pressure on the cultural environment by new use of resources and land
- Living with our cultural heritage – policy
 - Strengthen coastal heritage
 - Contribute to living local communities and attractions
 - Cooperate with fisheries and other industries
 - Preserve cultural sites and environments as well as ships and to use cultural heritage as a resource for development.
- Centers for ship preservation
 - Income mainly from preservation projects
- The role of preservation in cultural, social and economic development: A national programme 2006-2010
 - How to use cultural heritage as the basis for new assets?
 - 11 pilot projects, 6 of them coastal
 - Hamningberg, a deserted fishing village: Acceptable agreements with the community of owners balanced development based on the fishing village past and to proceed with care.
 - The coast from Bud to Kristiansund; an important cultural landscape from viking times to present. Tourism potential, many stakeholders and how to create a framework for stakeholder cooperation. The challenges are to preserve the cultural landscape and the stories.
 - North sea trails is based on cultural monuments and arts as a key factor
 - Norwegian traditional fish; to create a brand based on traditional fish products
 - Porto Franco in Kristiansand, a fleet of preserved ships, part of the living traffic in the port
- Projects
 - Take time
 - What is in it for stakeholders
 - Synergy effects, attractiveness
 - Innovation
 - Challenge for sector authorities – shared responsibility, structural perspective is needed
 - Eco tourism principles
 - Cultural environment has its own independent values

Varldsárvet Höga kusten

Ernst Thurdin Kramfors kommun, Sweden

- Frá Bönhamn, 22 íbúar árið um kring en um 900 skipakomur á sumrin
- Kramfors er lítil en miðsvæðis þannig að markaðssvæðið er um 400.000 manns
- Höga kusten er á heimsminjaskrá sem jarðfræðilegt fyrirbæri
- EU pilot project about preservation of coastal culture
 - Led by a local action group; non-profit, public and private sector
 - Approaching the community, the importance of administration, support based on applications (the application process is important)
 - Durability; does the project lead to something?
 - Evaluation; projects should be evaluated both internally and by external evaluators
 - Results and reports; how do we disseminate the results? Publications, presentations, further projects
- Results; new projects, jobs, businesses, attractions and a world heritage center as a gate to the area

Hvað geta Íslendingar lært af nágrönnum sínum?

Pallborðsumræður

- Coastal cultural heritage must be respected and we need sustainable development both in terms of culture and nature. This needs to be supported by public funds. V.H.
- Svæðin þurfa að marka sér stefnu; sveitarstjórnir, fyrirtæki og einstaklingar þurfa að skilgreina sig. Ferðapjónustan á erindi við hafið; hótél á hafnarbakkanum, strandsiglingar, veitingahús. Meira samstarf hagsmunaaðila. P.R.
- Rómantíkin í sjávarplássunum er nýuppgötvað. Stuðningur yfirvalda og EU er eitthvað sem við getum lært af, samstarfið og samstaða hagsmunaaðila er mjög mikilvæg. A.D.
- Hvað er Ólafsrósinn?
 - A symbol for cultural businesses in Norway
- What will be the next project in Höga Kusten?
 - One to support entrepreneurs more than before.
- Do you feel there is a potential danger in development of tourism for cultural heritage?
 - No, but tourists need to be informed about how not to disturb anything E.T.
 - Proceed with care G.T.
 - No, but we need to think about cultural diversity as well as biodiversity V.H.
 - Ferðamennska mun aukast og við stefnumótun, við þurfum að gera hagsmunaaðila ábyrga fyrir kostun stefnu P.R.
 - Ferðapjónusta getur orðið til að vekja athygli á því hvað þarf að varðveita A.D.

Einar Kr. Guðfinnsson ráðherra

- Menning einn sterkasti þráðurinn í þeim vefnaði sem skapar eina þjóð
- Hún er síbreytileg og í tímans rás getur eitthvað glatast, okkar er að meta hvað við viljum varðveita
- Strandmenning, sameiginlegur arfur, þekking og vinnubrögð þeirra sem lifa og starfa við sjávarsíðuna
- Svipmyndir úr strandmenningu;
 - peningalykt, slóg á opnum vörubílum, sjeneverinn sóttur á pósthúsið, plássið fylltist af vertíðarfólki á vissum árstímum, menn reru á opnum bátum, bjuggu í verbúðum, hvalrekar, strönd og skipsskaðar, hjallar, selveiðar, rekaviður rifinn með fleyg, fjörubeit, sig í björg
 - Sumt af þessum vinnubrögðum eru á undanhaldi en þau eru menningarverðmæti

Sjóminjasöfn – Vettvangur íhaldssemi og nýsköpunar

Örlygur Kristfinnsson Síldarminjasafninu á Siglufirði

- Í söfnunum höldum við í menningararf okkar og verndum gegn mennskum og náttúrulegum eyðingaröflum
- Nýsköpun felst hinsvegar líka í hinu íhaldssama daglega stússi á söfnunum
- Fátt breytti heiminum meira en færnin til að sigla um höfin – undirstaða íslenskrar menningar
- Siglufjörður Klondyke Atlantshafsins um miðja 20. öld
 - Varðveisla skipanna er undirstöðuatriði
 - Bátahúsið mikilvægur hluti Síldarminjasafnsins og óvenjuleg framsetning eða sviðssetning
 - Viðgerð skipanna er hluti verkefnisins
- Bátaverndin – sýn sjóminjasafnamanna
 - Vitund um mikilvægi fiskveiða og siglinga í sögu Íslands
 - Skráning
 - Læra af öðrum norrænum þjóðum
 - Löggiltur starfsrammi; bátafriðunarsjóður með ákv. Úthlutunarreglum
 - Nýting gömlu slippanna og endurmenntun skipasmiða
 - Nýting gömlu skipana í siglingum og sýningu
 - Bátaverndin í þágu menntunar og ferðamennsku
- Að halda í heiðri hefðinni og verkmenningu
 - Nýsmíði með hefðbundnum aðferðum er eftirsótt
- Bátasmiðaverkefni á Siglufirði
 - Samstarf við Noreg, VMA
 - Áhersla á árabáta með segli
 - Slippurinn sem vettvangur smíða og sýninga

Þjóðtrú sjómanna

Hlíf Gylfadóttir mannfræðingur

- Þjóðtrú er hluti af menningararfinum
- Lítil saga úr fjölskyldunni varð að ævistarfi
- Rannsókn byggð á viðtölum við sjómenn úr Vestmannaeyjum
 - Alltaf staðið að í Jesú nafni, sjóferðabæn og beðið um vernd
 - Þó mátti treysta á fleira en trúarbrögðin, þ.e. trú og töfra
 - athafnir, drauma, forspár, fyrirboða, draugagangur og tákni
 - flug fugla, framgang verka, fara fram á réttum degi, fatnaður, hlutir sem þurfa að vera með, bann við að þvo af þér heppnina
 - heppni er talin í mannslífum

Kveðið við haf og strönd

Gunnsteinn Ólafsson tónlistarmaður

- Tónlistin vill oft gleymast þó hún hafi alltaf verið snar þáttur í mannlífi og menningu
- Tónlistina vantar í ferðaþjónustuna
- Þjóðlagasetur sr Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði
 - Söfnun hafði verið nokkur
 - Sýnileikann vantaði
- Í þjóðlögum og rímum felst
 - Þekking á verkmenningu, viðhorfum, tungumálinu
 - Skemmtun
 - Tónlistararfur, tónlistarhefð
 - Önnur tónbil, kirkjutónlist felst í kvæðalögum og söng

Að virða sinn menningararf

Pallborðsumræður

- Tek ofan fyrir siglfirðingum fyrir vönduð vinnubrögð. G.P.Ó.
- Það er merkilegt að við fiskveiðipjóðin höfum með kerfisbundnum hætti útrýmt skipunum, brennt þennan menningararf með lögum! Menningararfur þarf að vera lifandi menning, kvæðalögin þarf að flytja – við getum lært af grönnum okkar Færeyingum. Það þarf að taka þátt til að halda menningunni lifandi. Þ.F.
- Hvaða hugmyndir eru uppi um nýtingu vitanna?
- Hvernig komum við menningararfinum til skila?
 - Þetta er vandasamt, stundum segir tilraun okkar mun meira um samtímann og þá sem eru að sýna fremur en þann tíma sem meiningin var að sýna. Maður þarf að tala mál samtímans en vera trúr þeim tíma sem maður er að sýna. G.Ó.
 - Aðalatriðið er að koma arfinum á form sem varðveitist, texta, mynd etc. H.G.
 - Það þarf að vinna gegn hinni skipulegu eyðileggingu og vanrækslu sem nú á sér stað, tökum slippina í notkun, kennum skipasmíðunum, björgum því sem bjargað verður. Ö.K.
 - Það verður að vera lifandi menningararfur; börnin okkar kynnast ekki sjávarútvegi eða fara í sveit. Það þarf að gefa börnunum kost á að fara í róður og kynnast þessu. Til að viðhalda þessari kvæðamenningu þarf að koma henni inni skólana aftur, kvæðakeppni í hvern skóla með rappinu. Tabúsögum þarf að safna líka, þ.e. Sögum af hlutum sem áttu ekki að vera til s.s. skrímslum Þ.F.
 - Uppskriftin að því er hérna, í þessum sal; í framlagi fyrirlesaranna og þeirri vinnu sem við vinnum hvern dag. Það þarf þó meira. Ég sakna þó eins; fuglanna, strandfuglanna sem er svo mikið tækifæri nýsköpunar. Meira af listasöfnum, myndlist. Hættan stafar aðallega af stjórnvöldum; t.d. sveitarstjórnir og Vegagerðin taka ekki tillit til verndar. G.P.Ó.

Súrt og kæst

Guðmundur Guðmundsson matvælafræðingur

- Maturinn okkar er finn – en
 - Er hann sérstakur?
- Margt fágætt að finna í matarhefð okkar
 - Sértækar aðstæður og skortur
- Mjög lítið af kolvetnum en mikið af próteinum og fitu
- Sérstæðar geymsluaðferðir v. eldiviðar og saltskorts;
 - Súrsun, þurrkun, kæsing
- Sérstæðar matreiðsluaðferðir
 - Kaldur matur, hrár matur
- Mysan hefur ekki sömu eiginleika og áður vegna breytinga í skyrframleiðslu
 - Súr breytir eiginleikum matar, dregur úr salti, eykur B-vítamín og kalk
- Harðfiskur í stað brauðs
- Kæsing; lífræn sölt brotna niður og gerilsneyða fiskhold brjóskfiska, ef þurrkun fylgir geymist hann mjög lengi
- Á 20. öld breytist allt;
 - Neysla hefðbundinna matvæla dregst saman
 - Menningin er andsnúin honum
 - Þekking glatast, rannsóknir skortir
- Getum við byggt á hefðinni?
 - Súrsun og kæsing finnast hvergi annarstaðar
- Íslenskt eldhús
 - árstíðabundin framleiðsla
 - mysa til framleiðslu á kryddedik
- Öll heimsins hótél bjóða uppá sama risahlaðborðið með 200 réttum, Vesturlandabúar ráfa um pakksaddir
 - Því ekki að bjóða eitthvað sem bragð er að?

Úr faðmi hafsins

Gunnar Karl Gíslason

- Vox veitingastaður skilgreinir sig sem hluta af Ny nordisk mat
 - Áhersla á norræn matvæli, íslenskt og frá Norðurlöndum
- Mikill menningararfur í verkun og vinnslu
 - Hefðir tapast þegar yngra fólk lærir ekki af sínum eldri
 - Þeir, sem þekkja gömlu hefðirnar þurfa að koma þeim á framfæri
- Innanlandsmarkaðurinn
 - Hækkandi verð á þorski
 - Það vantar ferska vöru s.s. humar og rækju á vertíðinni, ferska síld
 - Innlendur markaður víkjandi fyrir erlendum, fiskur fluttur út frekar en seldur innanlands
 - Siginn fiskur hverfandi og saltfiskur, menn virðast vera farnir að stytta sér leiðir
- Það er þrautin þyngri að finna hið hefðbundna, íslenska heldur en að hringja í heildsala og panta eitthvað frá Asíu!

Tækifæri bragðlaukanna

Pallborðsumræður

- Merkilegt hvað það er ákveðin sérstaða fólgin í íslenskri matarhefð og hollustu hennar. Fjaran er þvílíkt gósenland, s.s. Söl, hvað ætli við séum búin að flytja inn af söllum frá Japan? Bæði hefð og nýsköpun, en það er ekkert nýtt að við nýtum ekki matinn úr fjörunni. G.H.
- Eigum við að halda í menninguna eða leyfa henni að þróast?
 - Halda í hana, hún er svo merkileg. Matarmenning er stórkostleg upplifun í ferðapjónustu. G.G.
 - Koma þessu inní veitingahúsin, til unga fólksins. Það má nýta hlutina á nýjan hátt G.K.G.
 - Allt yrði fátæklegra, við týnum tungumálinu líka með því að týna verkmenningunni. Við þurfum ekki endilega að kæsa allt og súrsa. G.H.